

Sp.

447. Tillaga til þingsályktunar

[217. mál]

um verndun Bernhöftstorfu.

Flm.: Ellert B. Schram, Ingvar Gíslason, Magnús T. Ólafsson,
Eðvarð Sigurðsson, Gylfi P. Gíslason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hverfa frá þeirri ákvörðun að reist skuli ný stjórnarráðsbygging á spildunni við Bankastræti, Skólastræti og Amtmannsstíg í Reykjavík og stuðla þannig að því að endurbygging og lagfæring á svonefndri Bernhöftstorfu geti hafist þegar í stað.

Greinargerð.

Um nokkurra ára skeið hefur ríkt nokkur óvissa um framtíð þeirra húsa, sem standa á spildunni við Bankastræti, Skólastræti og Amtmannsstíg í Reykjavík, svonefndri Bernhöftstorfu.

Fyrir liggur tuttugu ára gömul ákvörðun um að þar skuli reist ný stjórnarráðsbygging, en vegna mikils áhuga einstaklinga og félagasamtaka um varðveislu staðarins í þeirri mynd, sem verið hefur, hefur lítið verið aðhafst og ríkt nokkurs konar þrátefni í þessum efnum. Það hefur m. a. leitt til þess að húsin í torfunni hafa verið í allmikilli niðurníðslu og ekki verið unnt að ráðast í nauðsynlegar endurbætur og lagfæringar á þeim.

Nú gerðist það í síðustu viku að upp kom eldur í Bernhöftstorfunni, með slíkum afleiðingum, að tvö hús eyðilögðust í brunanum.

Nauðsynlegt er að bregðast skjótt við og taka af allan frekari vafa um framtíð þessarar skemmtilegu spildu í hjarta Reykjavíkurborgar. Er lagt til að ríkisstjórnin ákveði, að ekki skuli reist stjórnarráðsbygging á nefndum stað, og stuðli þannig að því að endurbygging þeirra húsa, sem eyðilögðust í eldinum, og lagfæring hinna geti hafist sem fyrst.

Það mun hafa verið í tilefni 50 ára afmælis íslensks stjórnarráðs, árið 1954, sem tekin var ákvörðun um byggingu nýs stjórnarráðshúss á lóð ríkissjóðs milli Bankastrætis og Amtmannsstígs. Til framkvæmda hefur ekki komið, en gerðar hafa verið teikningar af fyrirhugaðri byggingu á umræddum stað og þær kynntar.

Á síðustu árum hefur mjög vaxið andstaðan gegn því, að stjórnarráðshús verði reist á þessum stað. Kemur þar hvort tveggja til: Í fyrsta lagi, að til þess þyrfti að rífa eða fjarlægja þau hús, sem hafa staðið á umræddri lóð og nefnd eru Bernhöftstorfa; í öðru lagi, að skipulag og aðstæður leyfa ekki svo stóra byggingu sem gert er ráð fyrir að nýtt stjórnarráðshús þurfi að vera.

Fyrir báðum þessum meginathugasemdum hafa verið færð rök, sem taka verður fullt tillit til. Mun nú gerð nánari grein fyrir þeim.

Jafnframt auknum skilningi á umhverfissvandamálum mannkynsins og umræðum um mengun, náttúruvernd og vistfræði hefur þeirri stefnu vaxið fiskur um hrygg, sem leggur áherslu á varðveislu sögulegra bygginga og sérstæðra borgarhverfa.

Íslendingar hafa löngum borið virðingu fyrir minjagripum og heimildum frá frumbýlisárum þjóðarinnar, en minna hirt um varðveislu muna og verndun umhverfis, sem skoðast geta heimildir um sögu og menningu síðari tíma. Smám saman hefur vaknað skilningur á því, að þróunarsaga lífnaðarháttá, menningarstrauma og umhverfismála er ekki síður merkileg, þótt slíkar heimildir séu ekki frá landnáms tíð. Enn má víða finna slíkar heimildir og söguminjar, enda þótt tillitssemi og varðveislusjónarmið hafi á stundum mátt sín lítils í samkeppninni við kappsfulla uppbyggingu nútímaþjóðfélagsins.

Húsin og umhverfið austast í kvos gamla miðbæjarins í Reykjavík bera sína sögu, og þar er að finna afar merkilega heimild um byggingarstíl á síðustu öld.

Húsfriðunarnefnd, sem starfar skv. þjóðminjalögum, nr. 52/1969, bendir á,

að hér sé um menningarverðmæti að ræða, sem „undir engum kringumstæðum megi skemma, því þarna sé einstakt tækifæri til að varðveita svölittinn hluta af yfirbragði Reykjavíkur um miðja 19. öld“.

Þjóðminjavörður hefur m. a. látið frá sér fara svofellda umsögn:

„Húsaröð þessi, frá Stjórnarráðshúsinu gamla og að Menntaskólanum og Íþöku, er algerlega einstæð hérlendis. Þetta er elsta húsaröðin í Reykjavík og eina húsamstæðan frá um miðja síðustu öld, sem enn er varðveitt. Hús þessi hafa alla tíð sett mjög mikinn svip á miðbæ Reykjavíkur og eru bestu dæmin um byggingarstíl í Reykjavík á síðustu öld. . . .“

Ég teldi það Reykjavíkurborg til mikils sóma, ef takast mætti að vernda þessar menningarminjar til komandi tíma. . . . Ævinlega hefur verið talað um varðveislu gamla Stjórnarráðshússins og Menntaskólans, jafnvel þótt þau hús hafi ekki verið friðuð formlega. Má því segja, að öll þessi gömlu hús myndi eina heild, en hætt er við, að bæði Menntaskólinn og Stjórnarráðshúsið gamla setji mjög ofan, ef þarna kæmi stórt hús á milli, enda virðist á myndum, sem birst hafa af líkani hins væntanlega húss, að ekkert muni gert til að fella það að umhverfi sínu . . .“

Að lokum skal vitnað í bréf Arkitektafélags Íslands, dags. 7. ágúst 1972, til borgarráðs Reykjavíkur, þar sem segir m. a.:

„Það verður að teljast hæpið í meira lagi að láta rífa niður hús, sem hafa ótvírætt menningarsögulegt gildi, til að rýma fyrir húsbyggingu, sem enginn veit, hvernig falla muni að umhverfinu. Þeir, sem að slíku standa, taka á sig mikla ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum, því að það, sem nú yrði tortímt, fengist aldrei endurheimt.“

Hvað stjórnarráðshúsið sjálft snertir, skal aðeins vitnað til ályktunar borgarráðs Reykjavíkur frá 22. ágúst 1972 þar sem segir m. a.:

„Sumir draga í efa, að unnt sé að teikna á þessari lóð byggingu, sem geti fallið vel inn í þetta umhverfi, án þess að rjúfa heildarmyndina.“

Þær hugmyndir, sem settar hafa verið fram af stjórnvöldum, um stærð og útlit hússins, hafa ekki uppfyllt þau skilyrði, sem skipulagsyfirkvöld gera um lága og tiltölulega litla byggingu.

Af því, sem að framan er sagt, má ljóst vera, að með því að rífa eða fjarlægja svonefnda Bernhöftstorfu sé menningarverðmætum spillt, og enn fremur, að allt bendir til, að skipulag og aðstæður leyfi ekki byggingu á þessum stað af þeirri stærð, sem stjórnarráðshús þarf að vera.

Með þessu er ekki verið að draga úr nauðsyn þess, að nýtt stjórnarráðshús skuli reist og það hið fyrsta. En skoðun flm. er, að stjórnvöld eigi að virða þessi fram komnu sjónarmið og taka til athugunar, hvort ekki sé unnt að leysa húsnaðismál stjórnarráðsins með öðrum hætti.